

[Til baka](#)[Prenta](#)

Oddi bs - 5

**Haldinn Suðurlandsvegi 1-3,
27.6.2016 og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu: Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Haraldur Eiríksson, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

Almenn mál

1. 1606035 - Rekstraryfirlit Oddi 27062016

Yfirlit um rekstur Odda bs janúar-maí

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

2. 1603046 - Yfirlit um fjölda rýma á leikskólum Odda bs.

Fyrirkomulag næsta skólaár.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram minnisblað varðandi nýtingu húsnæðis á Hellu næsta skólaár. Niðurstaða þessarar vinnu er eftirfarandi tillaga:

Í ljósi þess að fyrirsjáanleg er veruleg fjölgun barna í leikskólanum Hekluköti og að börn eru óvenju fá í grunnskólanum á Hellu þá er lagt til að skóladagheimili verði búin aðstaða í grunnskólanum en leikskólinn fái skóladagheimilið til ráðstöfunar næsta skólaár. Í skóladagheimilinu er mjög hentug aðstaða fyrir leikskólann og þarf litlu sem engu að breyta. Þar myndi hópurinn með elstu börnum leikskólans hafa sitt aðsetur frá og með næsta hausti. Þessi hópur telur 18 börn og of þröngt um þau í aðstöðu leikskólans á s.k. "Pósthúsi". Í grunnskólanum er reiknað með að samkenna 3 og 4 bekk næsta vetur sem losar eina kennslustofu og með endurskipulagningu, en tiltölulega lítilli fyrirhöfn, er hægt að búa vel að skóladagheimilinu í þeim tveimur kennslustofum sem eru í nýjustu viðbyggingu skólans. Þar er einnig ágætur aðgangur að útisvæðinu við grunnskólann. Gera þarf óverulegar breytingar á húsnæðinu til að vel fari um þessa starfsemi í fyrrgreindu rými. Samhliða þessu yrði metin reynslan af nýtingu "Pósthússins" en hugmyndir eru um að þar mætti undirbúa opnun deildar fyrir yngstu börnin í framhaldinu ef sú ánægjulega þróun heldur áfram að börnum á leikskólaaldri fjölgar í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða og ÁS falið að fylgja málinu eftir í samstarfi við skólastjórnendur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:55

[Til baka](#)[Prenta](#)